

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1266
komudagur 4.2.2008*

Fyrirspurn til umhverfisráðuneytis

Mál þetta (243. mál – snjóflóð og skriðuföll) var til umræðu á fundi umhverfisnefndar nú í morgun. Vöknuðu spurningar hvers vegna frístundabyggðir eru ekki hafðar með þegar ráðherra ákveður að gera úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli. Minnast nefndarmenn þá banaslyss frá 1994 þar sem snjóflóð féll á frístundabyggð.

Ennfremur vakna spurningar varðandi þetta sama ákvæði þar sem einstaklingar og fjölskyldur þeirra geta haft fasta búsetu og þar með lögheimili í frístundabyggð. Segir í athugasemd við greinina að ákvæðinu sé einungis ætlað að taka til staða þar sem menn hafa fasta búsetu og því séu frístundabyggðir ekki taldar falla hér undir. Það var hins vegar í dómi Hæstaréttar í málin nr. 474/2004 þar sem kveðið var á um að einstaklingar gætu haft fasta búsetu í frístundabyggð og þar með lögheimili þar á grundvelli 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Í kjölfar dómar Hæstaréttar hafa verið gerðar breytingar á lögum um lögheimili. Með lögum nr. 149 15. desember 2006 var gerð sú breyting á undantekningarákvæði frá fastri búsetu, sem finna má í 3. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, að dvöl í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sé ekki ígildi fastrarar búsetu. Aftur á móti segir í ákvæði til bráðabirgða sem sett var inn með sömu breytingu að 3. mgr. 1. gr. raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007. Ef hins vegar einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður.

Út frá þessu má því ætla að nú hafi ákveðinn fjöldi einstaklinga og fjölskyldur þeirra hafi fasta búsetu og lögheimili sitt skráð í frístundabyggð. Út frá þessu vaknar spurning hver rökin voru að útiloka frístundabyggð frá gildissviði ákvæðisins.

Svar umhverfisráðuneytis (Logi Kjartansson og Hafsteinn Pálsson)

Vegna fyrirspurnar umhverfisnefndar varðandi úttekt á hættu samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í upphafi viljum við í ráðuneytinu þakka nefndarmönnum fyrir að gefa þessu atriði gaum og fylgja því eftir með fyrirspurn.

Af hálfu ráðuneytisins þykir rétt að greina fyrirspurnina í tvennt; annars vegar hvers vegna frístundabyggðir eru ekki látnar falla undir heimildarákvæði b.- liðar 1. gr. breytingarlaganna, hins vegar það álitamál að nú þegar hafi ákveðinn fjöldi fasta búsetu í frístundabyggðum landsins og hvernig skuli með þau tilvik fara.

Viðvíkjandi fyrra álitaefninu þá eru ákveðnar röksemdir tilfærðar í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins. Lúta þær að þeim aðstæðumun sem hlýtur að vera á milli frístundabyggða og þeirra svæða þar sem menn hafa fasta búsetu, kostnaði og svo því að tekið sé tillit til ofanflóðahættu við

skipulagsákvarðanir. Ef skyggst er lengra inn í þessar röksemdir má greina að verndarandlag lagaákvæðanna er fyrst og fremst líf og limir manna. Í frístundabyggðum, þar sem gera verður ráð fyrir að menn hafist almennt ekki við nema í frístundum sínum, þykir ekki unnt að ætla að verndarhagsmunir þessir séu eins viðvarandi og þar sem menn hafa dvalfesti sína, þ.e. fasta búsetu. Þá verður að ætla að yfirleitt hljóti fólk að forðast dvöl á frístundasvæðum þegar telja má hættu á ofanflóðum fyrir hendi svo og að tillit sé tekið til slíkrar hættu við gerð skipulags og umsóknir um byggingarleyfi, eða þá afgreiðslu byggingarleyfa af hálfu sveitarstjórna.

Hvað varðar síðari fyrirspurnarþáttinn, þá er það svo samkvæmt gildandi lögheimilislögum að ekki er heimilt að skrá lögheimili í frístundabyggð, en ljóst er eins og nefndin bendir á að tiltekinn fjöldi fólks á lögheimili sitt í frístundabyggð (þeir sem skráðu þar lögheimili fyrir tiltekið tímamark). Að mati ráðuneytisins hlýtur að verða að taka til þess afstöðu, annað hvort af hálfu nefndarinnar eða við umræður, hvort undanskilja eigi þau svæði þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili sitt í frístundabyggð frá heimildarafmörkun b. liðar 1. gr. breytingarlaganna. Rökin á móti því að undanskilja eru þannig jafnræðissjónarmið og hinir mikilvægu verndarhagsmunir. Það sem mögulega mælir með slíku gæti verið mikill kostnaðar- og fyrirhafnarauki við slíkar úttektir og að einhverju leyti sá aðstæðubundni munur sem að ofan greinir. Þetta ætti hins vegar að geta orðið tiltölulega einfalt mál í framkvæmd þar sem ekki mun vera um mörg tilvik af þessum toga að ræða og upplýsingar um slíkt ættu að liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands. Það mætti því hugsanlega setja í athugasemdirnar með frumvarpinu að hættuúttektarheimildin eigi ekki við um frístundabyggð nema menn hafi þar fasta búsetu, það er viðurkennt lögheimili samkvæmt lögum þar um.